

fjelags, er fullnægja skilyrðunum fyrir kosningarjetti til bæjarstjórnar samkvæmt **104**
5. gr. laga 8. maí 1894, fyrir miðjan desembermánuð næstkomandi, og skal **12. sept.**
hún úr sínum flokki kjósa tvo menn í kjörstjórn, til þess ásamt sýslumannin-
um í Norður-Múlasýslu sem oddvita að stýra kosningum til bæjarstjórnar, og
skal sú kjörstjórn annast um, að kjörskráin liggi til sýnis á hentugum stað
hálfan mánuð á undan kjördegi.

2. Oddvita kjörstjórnarinnar ber að boða til kjörfundar, er haldinn
skal fyrsta virkan dag í janúarmánuði 1895, með nægum fyrirvara samkvæmt 8. gr.
laganna, og skal á þeim fundi kjósa 6 bæjarfulltrúa fyrir Seyðisfjarðarkaupstað
samkvæmt 4. og 6. gr. laganna, en hreppsnefndin í Innrahreppi skal gegna
störfum sínum þangað til hinir nýkosnu fulltrúar taka við bæjarstjórn sam-
kvæmt 9. gr.

3. Áætlun sú um tekjur og útgjöld Innrihrepps, sem gjörð hefur verið
og framlögð fyrir yfirstandandi fardagaár samkvæmt 1. gr. laga 9. jan. 1880,
skal gilda sem áætlun um tekjur og gjöld Seyðisfjarðarkaupstaðar til fardaga
1895, og skal niðurjöfnun hreppsgjaldanna, er hreppsnefndin gjörir samkvæmt
sömu lagagrein 1.—20. október næstkomandi, gilda sem niðurjöfnun fyrir
Seyðisfjarðarkaupstað til sama tíma.

4. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar annast um, að mældir sju til
lóðargjalds grunnar allir undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og öll óbyggð,
útmæld lóð kaupstaðarins (sbr. 19. gr. laganna). Skal hún síðan innan loka
marzmánaðar semja áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins frá fardögum
1895 til ársloka, er rædd sje á tveimur fundum með viku millibili, og liggi til
sýnis 14. daga innan maímánaðarloka.

5. Kjósa skal 5 menn í niðurjöfnunarnefnd til bráðabirgða, eptir að
bæjarstjórnin er komin á laggirnar, og skal sú nefnd hafa setu þangað til ný
kosning getur fram farið eptir 21. gr. laganna í septembermánuði 1895. Hún
skal samkvæmt áætluninni jafna niður samkvæmt 20. gr. hinum áætluðu gjöld-
um fyrir tímabilið frá fardögum 1895 til ársloka (sbr. 19. gr.).

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra amtmaður, til frekari birtingar
og ráðstöfunar til framkvæmda, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, að
leggja fyrir sýslumanninn í Norður-Múlasýslu, að taka til starfa sem bæjar-
fógeti í Seyðisfjarðarkaupstað með svæði því, er samkvæmt 1. gr. laga 8. maí
þ. á. verður lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, frá 1. janúar næstkomandi að
telja, og gangast fyrir því, að ákvæðum laganna sje hlýtt að því er snertir
kosning nefnda, starfsmanna o. s. frv. og ber hinni tilvonandi bæjarstjórn að
senda hingað tillögur um yfirskattanefnd fyrir kaupstaðinn samkv. 19. gr. laga
um tekjuskatt, 14. desbr. 1877.

Reikningur

105

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1893.

Tekjur:

I. I sjóði frá f. á.:

	kr. a.	kr. a.
a. Í óendurgoldnum fyrirfram borgunum frá 1885	99 55	
b. Eptirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldi Suður-Múlasýslu 1892	128 58	
c. Eptirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldi Norður-Múlasýslu 1892	235 59	
d. Eptirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldi Norður-Pingeyjarsýslu 1892	16 00	
e. Í peningum	402 34	882 06
II. Samkvæmt brjefi amtsráðsins 16. febr. f. á. var 18 a. jafnað niður á hvert gjaldskylt lausafjórðundað. Jafnaðarsjóðsgjald:		
úr Norður-Pingeyjarsýslu	233 82	
— Norður-Múlasýslu	752 40	
— Suður-Múlasýslu	662 22	1648 44
III. Jafnaðarsjóðsgjald; eptirstöðvar frá 1892		380 17
IV. Endurgoldnar fyrirfram borganir:		
a. ^{11/27} af verði seldrar karbólsýru 1892	6 51	
b. ^{11/27} — — — — — 1893	8 42	14 93
	Samtals kr. 2925 60	
Gjöld:		
I. Kostnaður við amtsráðið:		
a. Fyrir ferð amtmanns á amtsráðsfund	263 90	
b. Dagpeningar og ferðakostnaður amtsráðsmanna	201 00	
c. Skriptir við amtsráðið	46 00	
d. Fundarhúslán	30 00	540 90
II. Heilbrigðismál:		
Bólusetningar		110 50
III Menntamál:		
a. Til kvennaskólans á Laugalandi	50 00	
b. — — — — — Ytri-ey	50 00	
c. — Amtsbókasafnsins	200 00	
d. — síra Odds V. Gíslasonar	50 00	350 00
IV. Heyrar- og málleysingar:		
Meðlag með þeim daufdumba G. Sigurðssyni frá 1. okt. 1892 til 31. marz 1893		140 00
V. Ýmislegt:		
a. 6. arborgun og leigur af Skjálfandafjótsbrúarláninu	81 48	
b. Kostnaður við að semja verðlagsskrár	16 67	
c. Kostnaður við fjárskóðanir 1892	15 00	113 15
VI Til jafnaðar færist tekjuliður III		380 17
	Flutt:	1634 72

	Flutt:	Kr. a.	Kr. a. 105
VII. Til jafnaðar færirst tekjuliður IV. a. b.			1634 72
VIII. Í sjóði til næsta árs:			14 93
a. Óendurgoldnar fyrirfram borganir frá 1885	84 62		
b. Óborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Norður-Múlasýslu	352 40		
c. ——— úr Suður-Múlasýslu	148 64		
d. Í peningum	690 29	1275 95	
	Samtal:	2925 60	

Skrifstofu Austuramtsins Akureyri, 11. jan. 1894.

J. Havsteen.

Framanritaðan reikning hefur amtsráðið á fundi sínum í dag endurskoðað og samþykkt án breytinga.

Amtsráð Austuramtsins 14. ágúst 1894.

Kl. Jónsson *Porgr. Þórdarson.* *Árni Jónsson.*
settur. *Sigurður Einarsson.*

Reikningur

106

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norðuramtsins 1893.

	Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
I. Í sjóði frá f. á.:			
a. Í óendurgoldnum fyrirframborgunum frá 1885.	144 79		
b. Óborgað af jafnaðarsjóðsgjaldi úr Húnavatnssýslu	» 21		
c. Óborgað af jafnaðarsjóðsgjaldi úr Eyjafjarðarsýslu	» 07		
d. Óborgað af jafnaðarsjóðsgjaldi úr Suður-Þingeyjarsýslu	125 00		
e. Í peningum	1407 95	1678 02	
II. Samkvæmt brjefi amtsráðsins 16. febr. 1893, var 13 a. jafnað niður á hvert skattskyld lausafjórðungi.			
Jafnaðarsjóðsgjald:			
úr Húnavatnssýslu	567 52		
— Skagafjarðarsýslu	537 23		
— Eyjafjarðarsýslu	534 17		
— Suður-Þingeyjarsýslu	428 54	2067 46	
III. Endurgoldnar fyrirframorganir:			
a. Fyrir selda karbólsýru á Húsavík 1892, ^{16/27} talið			
hjer	9 47		
b. Fyrir selda karbólsýru á Húsavík 1893, ^{16/27} talið			
hjer	12 25	21 72	
	Samtals kr.	3767 20	